**Ofbeldisvarnarnefnd**

Ár 2020, mánudaginn 19. október, var haldinn 38. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn hófst kl. 14.03. Eftirtaldir tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Heiða Björg Hilmisdóttir, Halla Bergþóra Björnsdóttir, Diljá Zoëga Ámundadóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, I. Jenný Ingudóttir og Sigþrúður Guðmundsdóttir. Fundinn sat einnig Anna Kristinsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir og Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Bréf borgarstjórnar dags. 1. september 2020 um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, varðandi m.a. notkun fjarfundarbúnaðar á fundum nefnda og ráða, ásamt fylgiskjölum lagt fram til kynningar.

2. Fundaráætlun ofbeldisvarnarnefndar fyrir haustið 2020 lögð fram til umræðu og kynningar.

3. Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi, staða mála 8. okt. 2020 lögð fram. Formaður ofbeldisvarnarnefndar fer yfir stöðu mála.

4. Fram fer kynning á áherslum lögreglurnar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við varnir gegn ofbeldi. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins kynnir.

- Kl. 15.00 víkur Sigþrúður Guðmundsdóttir af fundinum.

5. Fram fer kynning á tillögum aðgerðarteymis til að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi. Eygló Harðardóttir og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, aðgerðateymi félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra taka sæti undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Viljayfirlýsing borgarstjóra um að ná niður ofbeldi um 50% árið 2030. Tillaga um framkvæmd/umsjón verkefnisins lögð fram. Samþykkt.

7. Bæklingar og fræðsluefni um aldraða og ofbeldi. Frestað.

8. Saman gegn ofbeldi. Fjölgun mála og fjárhagsstaða. Til umræðu og afgreiðslu. Samþykkt að mannréttindastjóri skrifi borgarráði bréf þar sem óskað verður eftir auknu fjármagni m.a. vegna fjölgunar mála.

**Fundi slitið kl. 16:03**

Heiða Björg Hilmisdóttir

Halla Bergþóra Björnsdóttir
I. Jenný Ingudóttir

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
Diljá Zoëga Ámundadóttir